

Reglur um styrki vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar

Vestmannaeyjabæ er heimilt að veita fötluðu fólki styrki eða aðra fyrirgreiðslu vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar sbr. 25. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

I. kafli

Almenn ákvæði

1. gr.

Lagagrundvöllur

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er heimilt að veita fötluðu fólki styrki eða fyrirgreiðslu vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar sem hér segir:

1. Styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni.
2. Styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga.

2. gr.

Markmið

Markmið styrkja til náms, verkfæra- og tækjakaupa er að auðvelda fötluðu fólki að verða sér úti um þekkingu og reynslu og til að auka möguleika sína til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Í þeim tilgangi eru veittir styrkir til þess að fatlað fólk geti:

- Sótt sér menntun,
- Viðhaldið og aukið þekkingu og færni
- Nýtt möguleika á aukinni þátttöku í félagslífi og atvinnu.

3. gr.

Orðskýringar

Endurhæfing er ætlað að stuðla að því að einstaklingur nái aftur eins góðri andlegri, félagslegri og líkamlegri færni og mögulegt er.

Hæfing hefur að markmiði að viðhalda og auka færni viðkomandi þannig að afleiðingar fötlunar eða áfalla leiði ekki til versnandi lífsgæða. Með félagslegri hæfingu er átt við að úrræðinu sé einkum ætlað að auka og viðhalda færni viðkomandi til almennrar samfélagslegrar þátttöku.

Starfsendurhæfingu er einkum ætlað að endurhæfa einstaklinga til vinnu eða náms.

4. gr.

Réttur til styrks

Umsækjandi þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði svo umsókn um styrk verði samþykkt:

1. Eiga lögheimili í Vestmannaeyjum
2. Vera á aldrinum 18-67 ára.
3. Vera með staðfesta fötlunargreiningu og metinn með varanlega örorku.
4. Vera í þörf fyrir sérstakan stuðning til hæfingar, endurhæfingar eða starfsendurhæfingar vegna fötlunar.

Styrkir eru ekki veittir í stað starfsendurhæfingarúrræða samkvæmt lögum eða reglum sem gilda á vinnumarkaði né í stað endurhæfingarúrræða sem heilbrigðisþjónustan ber ábyrgð á að veita.

Styrkur skv. reglum þessum eru einstaklingsbundnir og sýnt skal fram á að hann renni ekki til fyrirtækis.

Matsteymi stuðnings- og stoðþjónustu hefur heimild til að veita undanþágu frá 2. mgr. vegna sérstakra aðstæðna.

5. gr.

Skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá styrk

Skilyrði fyrir styrkveitingu eru að uppfylltum einu eða fleiri af eftirfarandi atriðum:

1. Að styrkur sé vegna starfsemi sem skapar umsækjandi atvinnu (verkfæra- og tækjakaup).
2. Að fyrir liggi staðfesting á skráningu í nám eða námskeið áður en styrkur er greiddur út.
3. Að líklegt sé að styrkur stuðli að aukinni virkni og þátttöku.
4. Að sýnt sé fram á að aðstoðin sé einstaklingsbundin en renni ekki til fyrirtækis.
5. Að umsækjandi eða talsmaður hans lýsi því yfir að aðrir möguleikar til styrkja hafi verið kannaðir og nýttir, til dæmis sjóðir stéttarfélaga sem umsækjandi greiðir í, lögbundin framlög vegna hjálpartækja og lánshæft nám. Tekið er tillit til takmarkana á möguleikum umsækjanda til að stunda fullt lánshæft nám vegna fötlunar.

II. kafli

Umsóknir og mat

6. gr.

Umsókn og fylgigögn

Matsteymi stuðnings- og stoðþjónustu Fjölskyldu og fræðslusviðs annast afgreiðslu styrkjanna og vekur athygli á rétti fólks til umsókna með því að auglýsa a.m.k. einu sinni á ári á vef sveitarfélagsins. Auglýsing skal innihalda allar upplýsingar um ferli umsóknar og hvert skal leita eftir umsóknum og upplýsingum.

Sótt er um styrk skv. reglum þessum í gegnum Íbúagátt Vestmannaeyjabæjar, eða á sérstöku eyðublaði í þjónustuveri Fjölskyldu og fræðslusviðs. Umsækjandi getur veitt öðrum aðila skriflegt umboð til að sækja um styrk fyrir sína hönd.

Starfsmenn fjölskyldu og fræðslusviðs gera einnig umsókn í samráði við umsækjanda komi í ljós að þörf sé á stuðningi.

Með umsókn skulu fylgja nauðsynleg gögn til þess að meta umsókn eftir því sem við á:

- Námsvottorð, staðfesting frá skóla um skráningu í nám.
- Frumrit af kvittun fyrir námskeiðs- eða skólagjöldum.
- Frumrit af kvittun fyrir verkfæra- og tækjakaupum.
- Staðfesting á fötlunargreiningu eða örorku
- Greinargerð umsækjanda um tilgang náms eða fyrirhugaða starfsemi og hvernig það gagnast umsækjanda
- Skattframtal og staðgreiðslufirlit

Þá skal umsækjandi sýna fram á að hann hafi leitað réttar síns til styrkja hjá öðrum aðilum s.s. stéttarfélögum eða menntasjóði námsmanna eða skv. öðrum lögum s.s. vegna hjálpartækja.

7. gr.

Samvinna og ráðgjöf

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við persónulegan talsmann hans eða umboðsmann hans ef við á. Persónulegur talsmaður skal leggja fram samkomulag við hinn fatlaða, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður Fjölskyldu og fræðslusviðs bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um önnur réttindi

sem hann kann að eiga. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar um styrk skv. reglum þessum.

8. gr.

Mat umsókna

Uppfylli umsækjandi skilyrði 4. gr. reglna þessara skal leggja mat á umsókn. Horft er til þess hvort líklegt sé að styrkur stuðli að aukinni virkni og þátttöku og hvort hæfing sem óskað er eftir stuðningi við geti nýst á vinnumarkaði. Einnig er tekið mið af fötlun, félagslegum og fjárhagslegum aðstæðum umsækjanda.

Matsteymi stuðnings- og stoðþjónustu annast afgreiðslu umsókna samkvæmt reglum þessum. Matsteymi er heimilt að óska eftir nauðsynlegum upplýsingum til þess að meta umsókn um styrk.

9. gr.

Afgreiðsla umsókna um styrk til náms, verkfæra- og tækjakaupa

Við afgreiðslu umsóknar skal veita umsækjanda þá aðstoð sem hann þarf og jafnframt að veita honum upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar.

Rökstyðja skal niðurstöðu úthlutunar og sé umsókn vísað frá eða úthlutun verulega skert eða synjað skal rökstyðja slíkt sérstaklega skriflega auk þess sem veita skal leiðbeiningar um málskot.

Umsóknum er forgangsraðað með hliðsjón af reglum þessum. Ef skerða þarf úthlutun vegna fjölda umsókna er heimilt að forgangsraða umsóknum í samræmi við reglur þessar.

Gildistími samþykkrar umsóknar um styrk skv. reglum þessum er að hámarki 3 mánuðir. Hafi umsækjandi ekki skilað inn kvittunum vegna útborgunar styrks innan þess tíma fellur styrkveitingin niður nema fullnægjandi ástæður liggi þar að baki. Réttur til greiðslu fellur niður hafi fylgigögnum ekki verið skilað inn fyrir 31. desember þess árs sem styrkumsókn var samþykkt.

10. Gr.

Viðmið við úthlutun styrkja

Við úthlutun styrkja er tekið tillit til eftirfarandi viðmiða:

1. Upphæð styrkja ákvarðast af fjárhagsáætlun hverju sinni og tekur mið af fjölda umsókna.
2. Úthlutað er einu sinni á ári á grundvelli auglýsinga.
3. Styrkur er alla jafna ekki veittur til sama einstaklings oftar en á tveggja ára fresti.

4. Styrkur skal greiddur samkvæmt framlagðri staðfestingu eða kvittun fyrir greiðslu á námi og/eða tækjum, innan fjárhagsársins.
5. Styrkur til verkfæra- og tækjakaupa er að öllu jöfnu ekki veittur til sama einstaklings oftar en á tveggja ára fresti.
6. Veita má árlega styrki til náms ef sýnt er fram á gildi námsins fyrir viðkomandi einstakling og fyrir liggi staðfesting um góða námsástundun og áætluð námslok.
7. Komi til þess að skerða þurfi úthlutun vegna fjölda umsókna eða vegna röskunar á forsendum fyrir úthlutun er heimilt að forgangsraða umsóknum eða lækka styrkupphæð til hvers og eins.

Úthlutun styrkja samkvæmt reglum þessum tekur mið af fjárhagsáætlun og fjölda umsókna hverju sinni. Styrkupphæð getur að hámarki numið 75% af útlögðum kostnaði og að hámarki kr. 50.000. Styrkir eru greiddir eftir á og eru skattskyldir. Í svarbréfi til styrkþega skulu koma fram leiðbeiningar um hvar á að færa styrkupphæð á skattframtali.

IV. kafli

Málsmeðferð

Sbr. ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og ákvæði VII. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

11. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um hefur borist. Taka skal ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

12. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og siðareglur

Málsgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Starfsmenn eru bundnir trúnaði og skulu gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu um persónulega hagi umsækjenda og fara með allar upplýsingar sem þeir fá sem trúnaðarmál. Starfsmenn skulu skrifa undir þagnarheit. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum.

Starfsmönnum er ekki heimilt að taka við gjöfum eða greiðslum frá umsækjendum eða aðstandendum þeirra.

13. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Matsteymi stuðnings- og stoðþjónustu fjölskyldu og fræðslusviðs taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði Fjölskyldu og tómstundaráðs Vestmannaeyja.

Heimilt er að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi fer fram á það með sérstakri beiðni til Fjölskyldu og tómstundaráðs innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun. Fjölskyldu og tómstundaráð skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

14. grein

Kynning á ákvörðun

Kynna skal niðurstöðu umsóknar fyrir umsækjanda með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða reglna þessara og/eða annarra reglna eða laga, eftir því sem við á. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til frekari rökstuðnings og réttur til að áfrýja afgreiðslunni.

15. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Vestmannaeyjabær áskilur sér rétt til að endurkrefja styrkhafa samkvæmt almennum reglum kröfuréttar um styrk sem veittur hefur verið á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi styrkþega eða ef styrkur er nýttur í annað en umsókn gerir ráð fyrir. Ef sannreynt er við vinnslu umsóknar að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast meðferð umsóknarinnar og kemur hún þá ekki til afgreiðslu.

16. gr.

Áfrýjun

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað við afgreiðslu umsóknar skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun matsteymis Fjölskyldu og fræðslusviðs um afgreiðslu umsóknar til Fjölskyldu og tómstundaráðs innan fjögurra vikna frá því honum barst

vitneskja um ákvörðun. Fjölskyldu og tómstundaráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun Fjölskyldu og tómstundaráðs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun Fjölskyldu og tómstundaráðs.

17. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar á grundvelli 25. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og með hliðsjón af leiðbeinandi reglum félagsmálaráðuneytisins fyrir sveitarfélög um styrki til náms, verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks. Reglur þessar voru samþykktar í Fjölskyldu og tómstundaráði 02.04.2025 og í bæjarstjórn 09.04.2025. Reglur þessar taka gildi frá og með 1.06.2025.